

## Sjálfbærni-verkefnið á Norðausturlandi

### 11. fundur stýrihóps

**Staður:** Fjarfundur

**Tími:** 25.3.2020 kl. 11:00-12:00

**Mætt voru:**

Stýrihópur og/eða fulltrúar eigenda:

Jóhanna Harpa Árnadóttir, Landsvirkjun  
Elma Sif Einarsdóttir, PCC BakkiSilicon  
Kristján Þór Magnússon, Norðurþing  
Engilráð Ósk Einarsdóttir, Landsnet  
Hjalti Jóhannesson, RHA  
Ólafur Ármann Sigurðsson, PCC BakkiSilicon  
Dagbjört Jónsdóttir, Þingeyjarsveit

Starfsmenn:

Helena Eydís Ingólfssdóttir, Þekkingarneti Þingeyinga  
Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir, Þekkingarneti Þingeyinga

Fjarverandi:

Sigurjón Steinsson, Geosea – fulltrúi ferðaþjónustu  
Steinn Ágúst Steinsson, Landsvirkjun  
Þorsteinn Gunnarsson, Skútustaðahreppi.  
Óli Halldórsson, Þekkingarneti Þingeyinga

Helena Eydís stýrði fundi. Lilja Berglind ritaði fundargerð.

Eftir samtal Helenu og Jóhönnu fyrir fund var gerð tillaga um að fundartími yrði stytur í ljósi aðstæðna. Helsta umræðuefni fundarins yrði tímasetning og fyrirkomulag ársfundar. Var það samþykkt.

**Dagskrá:**

#### 1. Staða verkefnisins

Verkefnisstjóri fór lauslega yfir stöðu og framgang verkefnisins.

Verkefnið hefur gengið ágætlega það sem af er ári. Þó hefur nokkuð borið á því að gögn hafi ekki skilað sér innan tilskilins tíma. Vel er fylgst með því og beiðnir/pantanir ítrekaðar ef með þarf.

Í lok þessa dagskrárliðs óskaði Elma eftir að fara af fundi og þakkaði jafnframt gott samstarf í verkefninu.

## 2. Ársfundur 2020

Ljóst er að breyta þarf fyrirkomulagi eða tímasetningu ársfundar í ljósi aðstæðna.

Verkefnisstjóri lagði til þrjá möguleika:

- Að aflýsa fundi.
- Að halda rafrænan fund.
- Að fresta fundinum til haustsins og halda hann á starfssvæði verkefnisins.

Fundarmenn voru sammála um að fresta fundinum til haustsins. Þar sem sveitarfélög hafa þurft að fresta fjölmörgum málum fram á haust var þó ákveðið að taka stöðuna aftur þegar ástandinu slotar. Lagt var til að halda stýrihópsfund og ársfund sama dag, þar sem stýrihópsfundurinn yrði haldinn fyrir hádegi en ársfundurinn eftir hádegi. Unnið verður út frá dagsetningunni ágúst/september.

Þema ársfundarins verður heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna og skipulagsmál.

Tillaga að gestum fundarins var eftirfarandi: Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, skipulagsstjóri, Halldóra Hreggviðsdóttir, framkvæmdastjóri Alta og skipulagsráðgjafi, Fanney Karlsdóttir, verkefnisstjóri sameinuðu þjóðanna, Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi.

Farið verður betur yfir áherslur fundar og umfjöllunarefni fyrirlesara þegar stýrihópurinn hittist í vor.

## 3. Önnur mál

Verkefnisstjórar Sjálfbærni- og atvinnuleysisverkefnisins á Norðausturlandi og Austurlandi hafa verið í samskiptum og rætt mögulega heimsókn til Austurlands þar sem kannaður verður m.a. möguleiki á frekara samstarfi. Verkefnið á Austurlandi er að vinna að nýjum vef þessa dagana og óskaði eftir fundi með okkur í tengslum við það. Gaman væri ef meðlimir stýrihópsins gætu komið með til Austurlands í haust.

Aðspurð hvort eitthvað nýtt eða óvenjulegt hefði komið út úr gögnunum undanfarið svaraði Helena því til að svo væri ekki. Þó væri athyglisvert að fylgjast með mannfjöldapróun svæðisins og sjá jákvæða þróun í Þingeyjarsýslum eftir að mesta framkvæmdatímanum er lokið á svæðinu. Nokkur umræða skapaðist um fólksfækkun í Þingeyjarsveit þrátt fyrir fjölgun í Norðurþingi og Skútustaðahreppi. Ekki lá ljóst fyrir hvað olli því en mögulega hefur hár meðalaldur íbúa þar eitthvað um það að segja.

**Fundi var slitið kl 11.45.**